

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 25/2021, um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2021.

1. gr.

5. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Áætli skip komu til hafnar sammingsaðila NEAFC með afla af sammingsvæði NEAFC, hvort heldur til löndunar, umskipunar eða til að leita þjónustu að öðru leyti, skal tilkynna þar til bæru yfirvaldi í viðkomandi ríki um komu skips til hafnar innan tiltekins frests sem ákveðinn er af hafnar-ríkinu í samræmi við reglur NEAFC um hafnarrikisefirlit og framkvæmd þess.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 21. apríl 2021.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.